

KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS
INNRA MAT OG GREININGAR STOFNUNAR
NÓVEMBER 2020

**SJÁLFSMATSSKÝRSLA
KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS
APRÍL TIL NÓVEMBER
2020**



KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

| | | |
|-----|---|----|
| 1.0 | Inngangur | 3 |
| 2.0 | Saga og þróun Kvikmyndaskóla Íslands | 4 |
| 2.1 | Sagan og helstu áfangar | 5 |
| 2.2 | Rekstur og stjórnskipulag | 5 |
| 2.2 | Skólastefna | 6 |
| 2.3 | Kennsluskrá | 8 |
| 3.0 | Útfærsla mats, gagnaöflun | 9 |
| 4.0 | Úrvinnsla og greining gagna | 8 |
| 4.1 | Þyngdarstig námskeiða | 10 |
| 4.2 | Menntunarstig kennara, leiðbeinenda og nemenda | 10 |
| 4.3 | Árangur útskrifaðra | 11 |
| 4.4 | Greining á akademíunni | 12 |
| 4.5 | Greining á rekstrargrunni | 14 |
| 4.6 | Greining á rannsóknum og umgjörð | 15 |
| 4.7 | Greining á praktískum atriðum yfirfærslu á háskólastig | 17 |
| 4.8 | SVÓT greining | 21 |
| 5.0 | Eftirmáli | 23 |
| 6.0 | Fylgiskjöl | 23 |
| | 01 fskj. Yfirlit yfir fyrri kannanir | 24 |
| | 02 fskj. Aðilar í trúnaðar- og stjórnunarstörfum fyrir KVÍ | 24 |
| | 03 fskj. Viðurkenning Menntamálastofnunar á hæfnisstigum námsins | 24 |
| | 04 fskj. Markmið og gildi KVÍ | 24 |
| | 05 fskj. Könnun á þyngdarstigi námskeiða | 24 |
| | 06 fskj. Menntunarstig leiðbeinenda a) og b) | 24 |
| | 07 fskj. Afrekskönnun, spurningar um virkni og árangur eftir útskrift | 24 |
| | 08 fskj. Heildarniðurstöður afrekskönnunar | 24 |
| | 09 fskj. Yfirlit yfir menntun og rannsóknarferil fulltrúa akademíu KVÍ | 24 |
| | 10 fskj. Ferilskrá Önnu Þórhallsd. viðskiptafr. & MA stefnumótun og stjórnsýslu | 24 |
| | 11 fskj. Álit á rekstrarhæfi | 24 |
| | 12 fskj. Reglur rannsóknaráðs | 24 |
| | 13 fskj. Tillögur að rannsóknarefnum | 24 |
| | 14 fskj. Mánaðaryfirlit IFS news | 24 |
| | 15 fskj. Reglur um mat á fyrra námi | 24 |
| | 16 fskj. Praktísk atriði til að greina stöðu við yfirfærslu á háskólastig | 24 |

Ábyrgðaraðili:

Böðvar Bjarki Pétursson

Stjórnarformaður Kvikmyndaskóla Íslands

1.0 INNGANGUR

Innra mat þetta fór fram í Kvikmyndaskóla Íslands á tímabilinu apríl til nóvember 2020. Hér er um hefðbundið heildarmat að ræða sem ætlað er að veita breiða sýn á starfsemi skólans. Gæðastarf skólans gerir ráð fyrir slíku mati á fjögurra ára fresti og var það síðast gert árið 2016. Á tveggja ára fresti eru sértækari þættir til rannsóknar. Árið 2018 voru skoðuð starfsheiti og starfshlutfall útskrifaðra nemenda í íslenskri bíómyndaframleiðslu.

Val á matsþáttum stjórnaðist annars vegar af þeim þáttum sem ekki höfðu verið kannaðir í 2016 skýrslunni (þyngdarstig námskeiða) og hins vegar af færslu starfseminnar á milli skólastiga. Kvikmyndaskólinn hefur útskrifað nemendur af 4. stigi ISCED (sérnám í framhaldsskóla að loknu stúdentsprófi) en mun færa starfsemi sína upp á 5. stig ISCED í janúar 2021. Það þýðir að starfsemin færir upp á háskólastig, með ýmsum skyldum sem því fylgir eins og starfrækslu formlegrar akademíu og skipulögðu rannsóknarstarfi. Það liggur því beint við að meta stöðu þessara þátta sem nú hafa fengið formlega umgjörð.

Útgáfu þessarar matskýrslu er ætlað að vera upplýsinga- og kynningargagn fyrir væntanlegan sérfræðingahóp sem mennta- og menningarmálaráðherra skipar til að veita umsögn um skólann til að staðfesta yfirfærslu á háskólastig. Skýrslunni er einnig ætlað að vera það sem Gæðaráð íslenskra háskóla kallar „Reflective Analysis“ stofnunar.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR MATSINS ERU EFTIRFARANDI:

Skólinn hefur nú í 2020 matinu haldið þeim gæðum sem staðfest voru í 2016 matinu í mælingum á atvinnu- og ánægjustigi útskrifaðra nemenda.

Með mælingum á þyngdarstigi námskeiða er lokið mati á þremur á lykilþáttum háskólayfirfærslunnar (menntunarstig kennara, menntunarstig nemenda, þyngdarstig námskeiða). Matið var nokkuð bjagað vegna Covid 19 sem hafði mikil áhrif á námið, en vísbendingar voru skýrar um að þyngdarstig mætti ECTS viðmiðum. Við greiningu á akademíu og rannsóknarstarfi kemur í ljós að stór hópur háskólafólks og doktora er tilbúið að leggja Kvikmyndaskólanum lið við uppbyggingu á háskólastarfsemi.

Niðurstaðan er sú að skólinn metur stöðu innra starfsins sterka, háskólayfirfærsla felur í sér margar spennandi viðbætur og framtíðin er björt, bæði fyrir Kvikmyndaskóla Íslands og kvikmyndaiðnaðinn sem skólinn þjónar.

01. fskj. Yfirlit yfir fyrri úttektir og innri og ytri mót 2010–2020.

2.0 SAGA OG ÞRÓUN KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS

Markmiðið með þessum kafla er að lesandi öðlist skilning á sögu og þróun skólans allt frá árinu 1992 þegar hann hóf starfsemi.

2.1 Sagan og helstu áfangar

Kvikmyndaskóli Íslands (KVÍ) var stofnaður árið 1992 og hlaut viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins árið 2003.

ÁFANGAR Í SÖGU KVÍ

Mynd 1 Tímalína áfanga KVÍ

| | | | |
|-------------|--|-------------|---|
| 1992 | KVÍ stofnaður | 2009 | Stúdentspróf skilyrði fyrir inngöngu. |
| 1997 | Upphaf samfelldrar starfsemi | 2012 | Skólinn fær inngöngu í CILEC |
| 2000 | Aðlögun að almenna skólakerfinu | 2015 | Gengið frá þjónustusamningi við ríkið |
| 2003 | Fyrsta viðurkenning hjá MRR | 2016 | IFS hefur starfsemi með alþjóðlega deild |
| 2006 | Fyrsta fjárveitingin | 2021 | KVÍ hefur starfsemi sem háskóli og rannsóknarstarfsemi sett á fót |
| 2007 | Þrjár nýjar námsbrautir fá viðurkenningu | | |

1992 - KVÍ STOFNAÐUR.

Í upphafi var haldið viðamikið þriggja mánaða námskeið, ígildi einnar annar náms. Strax á þessu fyrsta námskeiði komu fram áhersluatriði sem einkenna skólann enn í dag:

- A Gefin var út ítarleg námskrá sem lagði línur um það hvernig kennsla og skólalald færi fram.
- B Kennarar og leiðbeinendur voru allt starfandi fagfólk í kvikmyndaiðnaðnum og mikill fjöldi (23 kennarar á þessu fyrsta námskeiði).
- C Mikil áhersla lögð á verklegt nám og vandaða framleiðslu skólamynda.

1997 - UPPHAF SAMFELDRAR STARFSEMI.

Fyrstu fimm árin voru stopul í starfsemi, en frá haustönn 1997 og fram til dagsins í dag hefur verið regluleg starfsemi í skólanum, þ.e. inntaka og útskrift tvisvar á ári.

2000 - AÐLÖGUN AÐ ALMENNA SKÓLAKERFINU.

Árið 2000 hófst vinna við að lengja námið og laga það að íslensku skólakerfi. Fjöldi sérfræðinga kom að þessari vinnu. Lenging námsins fór fram í þrepum, fyrst var boðið upp á eins árs nám og síðan tveggja ára. Fyrsta námskrá var lögð fram til viðurkenningar haustið 2002.

2003 - FYRSTA VIÐURKENNING MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTISINS.

Haustið 2003 var í fyrsta skipti boðið upp á viðurkennt tveggja ára nám við skólann.

2006 - FYRSTI FJÁRVEITINGASAMNINGUR VIÐ RÍKISSJÓÐ.

2007 - ÞRJAR NÝJAR NÁMSBRAUTIR FÁ VIÐURKENNINGU.

Árið 2005 hófst vinna við að skipta náminu upp í sérsvið með því að hanna nýjar námsbrautir við skólann. Að þessari vinnu komu fjölmargir sérfræðingar úr kvikmyndaiðnaðnum.

2009 - STÚDENTSPRÓF SKILYRÐI FYRIR INNTÖKU.

Við það að framhaldsskólapróf er gert að skilyrði fyrir inntöku er námið fært upp fjórða stig.

2012 - KVÍ FÆR INNGÖNGU Í CILECT.

Cilect (Centre International de Liaison des Ecoles de Cinéma et de Télévision) eru virt alþjóðasamtök kvikmynda- og sjónvarpsskóla.

2015 - GENGIÐ FRÁ ÞJÓNUSTUSAMNINGI VIÐ RÍKIÐ.

Fyrsti þjónustusamningurinn er gerður við mennta- og menningarmálaráðuneytið til þriggja ára.

2016 - IFS HEFUR STARFSEMI MEÐ ALÞJÓÐLEGA DEILD.

Fyrstu nemendur hefja nám í alþjóðlegri deild IFS (Icelandic Film School) þar sem kennsla fer fram á ensku.

2021 - KVÍ HEFUR STARFSEMI SEM HÁSKÓLI.


Sett á fót rannsóknarstarfsemi.

2.2 Rekstur og stjórnskipulag

Kvikmyndaskóli Íslands er einkaskóli í eigu skólarekstrarfélagsins Telemakkusar. Skólinn er rekinn sem einkahlutafélag en ekki er greiddur út hagnaður og fjármunir sem myndast eru nýttir í skólastarfið.

Fjölmargir aðilar koma að rekstri og stjórnun skólans og hefur skólinn fengið til liðs við sig valda aðila til að gegna ábyrgðarhlutverkum sem hefur fjölgað við í hópnum við það að skólinn sækist eftir viðurkenningu um að útskrifa nemendur með diplómagráðu á háskólastigi (5. stig ISCED). Hér kemur fram hverjir þetta eru. Sjá 02. fskj. Aðilar í trúnaðar- og stjórnunarstörfum fyrir KVÍ.

Mynd 2. Skipurit skólans



2.2 Skólastefna

Meðfylgjandi skólastefna liggur til grundvallar allri skólastarfsemi KVÍ. Stefnan er reglulega kynnt stjórnendum og starfsfólki, að lágmarki einu sinni á ári. Við uppfærslu skólans á háskólastig bætist við kafla um akademískar áherslur.

Kennsluskráin: Hönnun hennar og stöðug kerfisbundin uppfærsla, þróun og eftirlit, er grunnur alls skólastarfs. Kennsluskráin er lokað kerfi sem leiðir nemandann frá einu námskeiði til annars þar sem lokapunkturinn er fyrirfram ákveðin hæfni á ákveðnu sviði. Lítil sveigjanleiki er fyrir nemandann til að raða námskeiðum að eigin vild eða fyrir kennarann að fara út fyrir prógrammið. Kennsluskráin á að tryggja að gæði skólastarfsins séu óháð því hver nemandinn er eða kennarinn.

Kennarar og leiðbeinendur: Lagt er upp með að fáir fastráðnir kennarar séu við skólann. Unnið er með fremsta starfandi fagfólki á hverju sviði, sem síðan er þjálfað til kennslu í ákveðnum námskeiðum. Mikill hreyfanleiki einkennir því kennaralið skólans. Það fylgir því mikill slagkraftur að kennari hafi náð raunverulegum árangri á sínu sérsviði utan skólans og sé ennþá virkur og starfandi. Reynt er að starfa með fjölda kennara á öllum námsleiðum svo nemandi fái ólík sjónarhorn inn í kennsluna.

Nemandinn: Ávallt er reynt að vinna með eins stóra nemendahópa og mögulegt er án þess að það bitni á gæðum námsins. Það eru þrjár meginástæður fyrir þessari stefnu:

- a. Skólinn telur að það sé rangt að hindra þann, sem hefur áhuga og getu til að stunda ákveðið nám, á grundvelli fjöldatakmarkana ef þær eru eingöngu settar til að búa til útvalinn hóp.
- b. Valkerfi inn í nám eiga rétt á sér en eru flókin og ónákvæm þegar verið er að meta hámarkshæfni. Þau eru einfaldari og nákvæmari við mat á lágmarkshæfni.
- c. Allir skólar reyna að finna afburðanemendur og snillinga. Líkurnar á að finna þá eru miklu meiri í stóru úrtaki heldur en smáu.

Að þessu sögðu verður að nefna að ströng fjöldatakmörk eru í KVÍ þar sem að hámarki eru 12 nemendur í bekk.

Kennsluaðferðin: Ávallt er leitast við að hafa námið verkefnadrifið þar sem verkefnin eru einstaklingsbundin og með einhverjum hætti sjálfstæð sköpun eða uppgötvun nemandans. Lagt er upp með að nemandinn nálgast kennsluefnið fyrst á skapandi hátt, síðan er handverkið kennt og að lokum fræðin. Kennslufræðilega nálgunin er alltaf í þessari röð, sama hver námsgreinin er:

1) Sköpun 2) Handverk 3) Fræði.

Geta nemandans til að hugsa og framkvæma á skapandi hátt er það sem verður ráðandi í hæfni hans. Því er lykilatriði að hefja vegferðina með því að nemandinn uppgötvir og þjálfir strax sköpunarhæfileika sína. Þó að sé námið sé wávallt ferill sem leiðir til ákveðinnar niðurstöðu þá er lögð áhersla á að enginn einn dagur sé merkilegri en annar. Hver dagur í náminu á að hafa sinn eigin mikilfengleik. Núið er mikilvægt.

Lögð er áhersla á jafningjastöðu kennara og nemenda, þar sem kennarinn þarf einnig að læra af nemandanum. Upplýsingabyltingin hefur leitt til þess að í hverjum nemendahópi er líklegt að hver einasti nemandi hafi meiri þekkingu en kennarinn á einhverjum ákveðnum þætti.

Verð og ábyrgð: Ávallt er reynt að bjóða námið á eins lágu verði og mögulegt er. Litið er á skólagjald nemenda sem fjárfestingu í skólanum og að skólinn beri sína ábyrgð á að nemendur skili sér til baka með góðri ávöxtun. Þess vegna snýst skólinn um meira heldur en afhendingu náms, hann snýst einnig um gott utan-umhald nemandans eftir að námi lýkur. Skólinn virkar oft eins og öflug atvinnu-miðlun, aðstoðar við stofnun fyrirtækja, eða með þátttöku í framleiðslu sem skilar útskrifuðum nemendum verðmæti í formi reynslu, viðurkenningar og tekna.

Akademía og rannsóknarstarf: Skólinn fylgir tveimur leiðarljósum sínum:

- a) Allt skólastarf er í þjónustu listarinnar, (frá Humboldt háskólastefnunni).
- b) Allt skólastarf þjónar einkunnarorðum skólans „byggjum upp blómlegan kvikmyndaiðnað“.

Ráðningar akademískra starfsmanna og skipulag rannsóknarstarfs er ætlað að auka möguleika KVÍ til að þjóna þessari stefnu.

Innri áhersluatriði: Hér að lokum skal þó minnst á tvo undirliggjandi þætti sem ekki koma fram í kennsluskránni en eru til staðar í hönnun og virkni hennar.

1. **Undirliggjandi áherslur hvers misseris í einu orði:** Námið í KVÍ er þroskaferill nemandans þar sem eitt stig tekur við af öðru frá því nám hefst á 1. misseri til útskriftar á 4. misseri. Undirliggjandi áherslur hvers misseris eru eftirfarandi:
 1. **MISSERI: SKÖPUNARGLEÐI.** Þar sem nemendur fá tækifæri til og læra að nota kvikmyndamiðilinn til að tjá sig.
 2. **MISSERI: FAGMENNSKA.** Þar sem hægt er á ferðinni og nemendur læra nákvæmni og „rétt“ vinnubrögð.
 3. **MISSERI: REYNSLA.** Þar sem nemendur endurtaka það sem þeir hafa lært, auk þess sem þær deildir sem fara í starfsþjálfun gera það á þessu misseri.
 4. **MISSERI: FRELSI.** Þar sem nemendur vinna með sjálfstæðum og persónulegum hætti úr því sem þeir hafa lært og skapa eigin verk.
2. **Leikstjórnaráherslur og drifkraftar kvikmyndagerðar:** Það eru mjög sterkar leikstjórnaráherslur í kennsluskránni. Tvær deildir af fjórum eru leikstjórnardeildir og auk þess gefst öllum nemendum, þ.e. líka í Skapandi tækni og Leiklist, tækifæri til að leikstýra eigin myndum. Allir, sem reka kvikmynda-skóla, vita hversu erfitt það er að „finna“ leikstjórann. Að sjálfsgöðu á það við um öll lykilstörf í þeirri flóknu sinfóníu sem kvikmyndagerð er. En leikstjórinn er sérlega erfiður, því hann þarf að vera búinn hæfni sem bæði er breið og óáþreifanleg og ekki er hægt að kenna nema að takmörkuðu leyti. Það er einungis hægt að bjóða honum upp á aðstöðu og umhverfi til að finna og þroska sjálfan sig. Síðan eru það einungis örfáir (og stundum þeir ólíklegustu) sem blómstra og skila af sér kraftmiklu sköpunarstarf í lykilstöðum að námi loknu. Með því að gefa öllum kost á að máta sig (það er ekki skylda og bæði leikarar og tæknimenn geta ráðið sér leikstjóra) þá erum við að „leita“ að fólki

sem hugsanlega hefur hæfileika án þess endilega að vita af þeim. Önnur hlið á því kerfi er að allir nemendur þurfa að framleiða kvikmyndir sem tengist því höfuðverkefni kvikmyndaskóla að útskrifa fólk sem „framkvæmir“ að námi loknu (e: „doers“). Heilbrigður kvikmyndaiðnaður er harðskeytt samkeppnisgrein þar sem allt snýst um að sanna sig. Mjög oft er eina leiðin að stíga fram og gera hlutina sjálfur. Þess vegna er mikilvægt að allir nemendur, úr hvaða deild sem þeir koma, kunni að vera „drifkraftar kvikmyndagerðar“ og þekki allan sköpunar- og framleiðsluferil kvikmyndagerðar. Þetta er sérlega mikilvægt á svæðum eins og á Íslandi þar sem kvikmyndaiðnaðurinn er ungur en í miklum vexti og mikilvægt að koma á gróskumiklu grasrótastarfi.

2.3 Kennsluskrá

Í skýrslu um innra mat frá 2016 er fjallað ítarlega um grunnhönnun námsins og er vísað til þess hér. Að auki skal vísað í [kennsluskrá 2020-2021](#) og [vefsvæði skólans](#).

Þessi kennsluskrá (einnig nefnd námskrá) er sú 11. síðan kennsla hófst í núverandi fjórum deildum árið 2007 en skólinn kynnir nám sitt nú formlega allt á háskólastigi. Breytingar eru ekki umfangsmiklar enda hefur skólinn starfað á 4. þrepi, sem er viðurkennanlegt nám á háskólastigi, frá árinu 2015.

Mynd 3 Þróun kennsluskrár

| | |
|------------------|---|
| 1992-2000 | Ein önn (bransatenging, framleiðsluáhersla) |
| 2000-2003 | 2 ár - Ein almenn deild |
| 2005-2007 | 2 ár - Fjórar sérgreinar deildir |
| 2009-2011 | Þynging náms, alþjóðleg viðmið, ensk útgáfa |
| 2012-2013 | Hæfniviðmið á allt námið |
| 2014-2015 | Þróun gæðakerfis og stöðug endurskoðun fest í sessi |
| 2016-2020 | Þróun háskólastigs |

03. fskj. Viðurkenning Menntamálastofnunar á hæfnisstigum námsins.

3.0. ÚTFÆRSLA MATS, GAGNAÖFLUN

Skólanum hafa ávallt verið sett háleit, skýr og einföld langtímamarkmið. Árið 2003 þegar skólinn fékk fyrstu viðurkenninguna frá stjórnvöldum þá var skólanum sett það markmið að komast í hóp bestu kvikmyndaskóla heims innan 10 ára. Staðfesting á að því markmiði hefði verið náð var síðan þegar skólinn fékk inngöngu í alþjóðasamtök kvikmyndaskóla Cilect árið 2012.

Sjá 04. fskj. markmið og gildi KVÍ.

Val á matsliðum er gert með hliðsjón af fyrri matsskýrslum. Sérstök áhersla var lögð á liði sem lúta að háskólayfirfærslunni. Matsverkefni, spurningar og viðmið voru eftirfarandi:

Þyngdarstig námskeiða

Matsspurning: *Hversu margar vinnustundir eru að baki einingu í námskeiðum?*

Viðmið: Vinnustundafjöldi þarf að standast ECTS viðmið 25 – 30 klst. að baki einingu í vinnu nemenda á öllum námskeiðum.

Árangur útskrifaðra

Matsspurning: *Spurningakönnun um virkni og árangur eftir útskrift.*

Viðmið: Að árangur nemenda sé ekki lakari en í fyrri athugunum á útskrifuðum nemendum.

Greining á akademíunni

Hversu fjölbreytt og öflug er akademía KVÍ út frá menntun og rannsóknum meðlima?

Viðmið: Að hlutföll standist almenn viðmið í háskólastarfi. Að akademía sýni merki um möguleika til árangurs.

Greining á rekstrargrunni

Matsspurning: *Hvert er rekstraröryggi skólans út frá fyrirliggjandi upplýsingum?*

Viðmið: Að rekstraröryggi sé ásættanlegt.

Greining á rannsóknum og umgjörð

Matsspurning: *Hversu líklegt er rannsóknarkerfi skólans til að ná árangri?*

Viðmið: Bestu rannsóknarskólar akademíunnar

Greining á praktískum atriðum yfirfærslu á háskólastig

Matsspurning: *Er öllum þáttum fullnægt svo yfirfærsla á háskólastig geti gengið snurðulaust?*

Viðmið: Fyrrum yfirfærslur á háskólastig. Starfsemi háskóla á Íslandi í dag.

SVÓT greining

Matsteymum var stýrt af Böðvari Bjarka Péturssyni formanni stjórnar skólans og verkefnisstjóra háskólayfirfærslu. Með honum í efnisöflun og úrvinnslu voru Hrafnkell Stefánsson námstjóri, Hildur Sigurðardóttir ritari og Katrín Dóra Þorsteinsdóttir formaður háskólaráðs, sem sá um yfirlestur og samhæfingu. Að einstökum matsliðum komu aðrir sérfræðingar eins og Sigurjón Baldur Hafsteinsson formaður rannsóknarráðs um rannsóknarhlutann og Sigrún Sigurðardóttir aðstoðarrekter að praktískum atriðum og Anna Þórhallsdóttir ráðgjafi að rekstrargreiningu.

4.0 ÚRVINNSLA OG GREINING GAGNA

4.1 ÞYNGDARSTIG NÁMSKEIÐA

Matsteymi: Bjarki og Hrafnkell

Eitt af sérkennum Kvikmyndaskóla Íslands er mikill fjöldi námskeiða á hverri námsleið og mismunandi þyngdarstig þeirra. Fullur skóli KVÍ þýðir 16 bekkir. Á hverju misseri eru kennd 108 námskeið og að meðaltali eru kennd átta námskeið á misseri fyrir hvern bekk sem eru frá einni og upp í tíu einingar að þyngd og er raðað saman út frá kennslufræðilegum forsendum. Hugsunin er sú að ferillinn í gegnum námið sé ekki síður mikilvægur í þroskaferli nemandans en námskeiðin sjálf. Af þessu leiðir að samspil og samhæfing námskeiða er stór þáttur í skipulagi kennslustarfs. Mæling á þyngdarstigi út frá áætluðum vinnstundum nemenda í námskeiðum veitir mikilvægar upplýsingar.

Vinnustundafjöldi nemenda að baki námseiningu er lykilstærð þegar kemur að mælingu á mismun á milli skólastiga. Strax árið 2010 var tekin ákvörðun um að vinnustundafjöldi skyldi miðaður við háskólaeiningar ECTS, eða 25 – 30 klst. í vinnuframlagi nemenda að baki einingu. Hér var í raun verið að staðfesta það sem viðgengist hafði frá fyrstu viðurkenningu skólans árið 2003, en sem verklegur skóli í kvikmyndagerð þá hefur skólahald alltaf byggst á mikilli vinnu nemenda.

Matsspurning: *Hversu margar vinnustundir eru að baki einingu í námskeiðum?*

Mæld voru 144 námskeið í heildina. Tekin voru viðtöl við nemendur og þeir spurðir um hversu marga tíma þeir hefðu unnið fyrir hvert námskeið fyrir sig, þá bæði á skólatíma og utan skólatíma. Voru þeir beðnir um að meta alla vinnu sem þeir lögðu í námskeiðin, verkefnavinnu, lestur, skipulag og hugmyndavinnu.

Viðmið: Vinnustundafjöldi þarf að standast ECTS viðmið 25 – 30 klst að baki einingu í vinnu nemenda á öllum námskeiðum.

78% námskeiða voru með um 25-30 vinnustunda viðmið að baki einingu.

34% námskeiða voru yfir 25-30 vinnustunda viðmiði.

8% námskeiða voru undir viðmiði og vantar því upp á þyngdarstigið. Þegar hafa verið gerðar umbætur til að hækka þyngdarstigið upp í tilætlað viðmið.

Niðurstöður:

Mælingarnar gefa til kynna að flest námskeið uppfylli kröfur um vinnustundir nemanda í háskólanámi. Í þeim námskeiðum, þar sem vinnustundir nemanda voru of fáar miðað við háskólanám og höfðu enga útskýringu, hefur áhersla haustmíssis 2020 verið að þyngja námskeiðin.

Þau námskeið, sem fóru vel yfir áætlaðan tímafjölda, voru rannsökuð með það í huga hvort vinnuskyldan kæmi frá skólanum. Ástæða fyrir auknum vinnustundum nemenda í þeim námskeiðum voru ákvarðanir nemendanna sjálfra um að leggja til meiri vinnu en ætlast var til af þeim í námskeiðunum.

Til þess að geta fylgst betur með vinnustundum nemanda hefur tímamæling eininga verið færð inn í reglulegt kennaramat og því má vænta að hægt verði að fylgjast náið með þeim í framtíðinni.

Sjá nánar 05. fskj. Könnun á þyngdarstigi námskeiða.

4.2 Menntunarstig kennara, leiðbeinenda og nemenda

Matsteymi: Bjarki og Hrafnkell

Matsspurning: *Hvert er menntunarstig leiðbeinenda við Kvikmyndaskóla Íslands?*

Eftirfarandi er rétt að hafa í huga við mat á leiðbeinendum í kvikmyndagerð. Það fyrsta sem er metið er reynsla og ferill. Grunnforsenda ráðningar er að raunveruleg reynsla og staðfestur árangur í faginu sé til staðar. Hér er farið með áþekkingum hætti og í iðnaðinum sjálfum, þar sem reynsla er fyrst og fremst metin en menntagráður einar og sér duga skammt. Þótt kvikmyndagerð sé hátækniíðnaður með hátt í 200 starfsheiti, þá eru löggildingar fáar og leiðir að störfum geta verið margbreytilegar, ekki einungis í gegnum skóla.

Þó að Kvikmyndaskólinn starfi að þessu leyti samkvæmt eðli iðnaðarins sem hann þjónar, þ.e. að meta ferilinn fyrst og fremst við ráðningar starfsmanna, þá

starfar hann í samfélagi háskóla þar sem menntagráður eru mikils metnar. Á stjórnendum Kvikmyndaskólans hvílir sú skylda að byggja upp háskólasamfélag sem þýðir að þeir sem eru vígðir háskólagráðum eru sterkari kandidatar til að verða gegnir háskólaborgarar.

Kvikmyndaskólinn hefur því sett fram kröfur um að kennarar og leiðbeinendur séu með háskólapróf og sem inskilyrði að fagstjórar séu með háskólapróf. Skólinn viðurkennir hins vegar allar tegundir af háskólagráðum, enda er þeim fyrst og fremst ætlað að staðfesta þekkingu á akademískum störfum. Hæfnin og fagþekkinging eru staðfestar í ferlinum.

Matinu voru því sett ströng viðmið um hátt hlutfall háskólamenntaðra leiðbeinenda eða yfir 80%.

Í samantekt um menntunarstig leiðbeinenda kemur fram að af 54 leiðbeinendum (gestir, fyrirlesarar) haustmisseris þá eru 44 þeirra með háskólapróf (81%) og af þeim eru 24 með meistarapróf.

Sjá nánar 06 fskj. Menntunarstig leiðbeinenda.

Viðmið: Að yfir 80% leiðbeinenda á haustmisseri 2020 séu með háskólapróf. 81% leiðbeinenda eru með háskólapróf þannig að viðmiði er náð.

Niðurstöður:

Skólinn hefur enn bætt hlutfallið frá 2016 þegar síðast var mælt. Líklega má ætla að 80% sé það hlutfall sem leitað er að því skólinn vill líka leita að hluta til þeirra sem hafa hlotið viðurkenningu innan kvikmyndaiðnaðarins en hafa ekki hlotið háskólamenntun sbr. hér að framan.

4.3 Árangur útskrifaðra

Matsteymi: Bjarki, Hrafnkell og Hildur

Matsspurning: *Spurningakönnun um virkni og árangur eftir útskrift.*

Sjá 07. fskj. Afrekskönnun.

Árangur útskrifaðra nemenda og þátttaka þeirra í kvikmyndaiðnaðinum eru lykilupplýsingar til að meta virkni gæðakerfis Kvikmyndaskólans. Horft er til þriggja kannana sem voru framkvæmdar árin 2016, 2018 og 2020.

Árið 2018 var gerð könnun á þátttöku útskrifaðra nemenda í íslenskum bíómyndaiðnaði, þar sem niðurstaðan var sú að útskrifaðir nemendur fylltu tæplega 30% starfsheita í kreditlistum bíómyndaframleiðslu eins árs (þ.e. í átta myndum).

Afrekskannanir 2016 og 2020:

Könnun ársins 2020 var lögð fyrir fimm útskriftarhópa: vor '19, haust '18, vor '18, haust '17 og vor '17. Könnunin var rafræn og lögð fyrir í lok október 2020. Alls fengu 86 fyrrum nemendur sendan spurningalista í tölvupósti og 45 svöruðu eða 54% innan átta daga.

Könnunin árið 2016 náði til útskriftahóps vorið 2014, úrtakið samanstóð af 27 fyrrum nemendum og upplýsinga var aflað með símtölum yfir tveggja vikna tímabil. Svarhlutfall var 89%.

Spurningarnar sem lagðar voru fyrir voru nánast eins árin 2016 og 2020. Viðmiðin eru einnig fengin úr könnuninni 2018.

Viðmið: Að árangur nemenda sé ekki lakari en í fyrri athugunum á útskrifuðum nemendum.

Samanburður á milli árána 2016 og 2020 sýnir að mötin eru á pari, þannig að viðmið náðist.

Niðurstöður:

Niðurstöður úr spurningu 1 voru eftirfarandi árin 2020 og 2016:

| 1. Hefur þú unnið eitthvað við kvikmyndagerð eftir útskrift? Ef svo er, þá hversu lengi? | 2020 | 2016 |
|---|------|------|
| a) minna en sex mánuði | 23% | 25% |
| b) meira en sex mánuði | 13% | 13% |
| c) meira en 12 mánuði eða lengur | 17% | 25% |
| d) allan tímann | 40% | 33% |
| e) ekkert | 6% | 4% |

Niðurstöður frá 2016 sýndu að 96% nemenda spreyttu sig í faginu að námi loknu sem þykir gott hlutfall úr listnámi. Það þykir einnig gott hversu hátt hlutfall hafði verið í vinnu allan eða meirihlutann af tímanum eða tæp 60%. Hafa verður í huga að mat af þessu tagi gefur aðeins vísbendingar um árangur og þróun auk þess sem tímabil frá útskrift er mislangt á milli hópa.

Kvikmyndaskólinn er að ná góðum árangri í að skila fagfólki út í greinina.

Við nánari skoðun kemur í ljós að útskrifaðir dreifast í alla kima greinarinnar; bíómyndirnar, þjónustuna við erlendu fyrirtækin, á auglýsingastofurnar, og síðast en ekki síst í grasrótarmaleiðsluna þar sem 1 til 3 “low budget” bíómyndir hafa verið gerðar á ári undanfarin 5 ár með útskrifuðum nemendum í lykilhlutverkum. En það má enn gera betur og að því stefnir Kvikmyndaskólinn.

Kvikmyndaskólinn hefur ákveðið að búa til sameiginlegan gagnagrunn, þar sem útskrifaðir nemendur geta skráð inn verk eða nám sem þeir klára eftir nám við Kvikmyndaskólann. Hugmyndin er að koma á hvata- og stigakerfi með verðlaunum einu sinni á ári. Þetta gæti veitt skólanum ómetanlegar upplýsingar í sínu þróunarstarfi. Þá yrði líka mat af því tagi, sem hér er verið að gera, nákvæmara og stutt raungögnum.

Sjá nánar 08. fskj. Heildarniðurstöður afrekskönnunar.

4.4 Greining á akademíunni

Matsteymi: Bjarki og Katrín Dóra.

Matsspurning: *Hversu fjölbreytt og öflug er akademía KVÍ út frá menntun og rannsóknum meðlima?*

Í dómnefndarreglum um mat á hæfi akademískra starfsmanna er tafla fyrir stigagjöf í þremur flokkum: Listferill, Listferil, kennslu og fræðavirkni/rannsóknarvirkni.

Það sem helst er metið hér er 3. liðurinn, Fræðavirkni/Rannsóknarvirkni, ásamt menntun akademískra starfsmanna og meðlima fagráða skólans.

Um akademíska starfsmenn segir í starfsreglum skólans 2020-2021: „Starfsmenn, sem sinna kennslu og rannsóknum, nefnast akademískir starfsmenn“.

Í lið 4.2. er fjallað um menntunarstig leiðbeinenda og kennara við skólann. Þar kemur í ljós að 90% þeirra hafa lokið háskólaprófi og meirihluti þess hóps hefur menntað sig að hluta til erlendis. Hér er um fjölmennan hóp að ræða því skólinn er með mjög hátt kennarahlutfall, eða yfir 40 kennara á misseri.

Yfirfærsla á háskólastig kallar á að komið sé á ákveðnum verkferlum við ráðningar og skipulagi á rannsóknir. Nánar er fjallað um rannsóknir í lið 5.6 í starfsreglunum. Þessir verkferlar lúta bæði laga- og hefðarreglum. Það, hvernig akademískir starfsmenn eru metnir og valdir til nafnbóta og hvernig umgjörð þeim er búin til rannsókna, er mikilvægur þáttur akademíunnar. Hér hefur þurft að búa til nýtt regluverk og kalla til fjölda ráðgjafa til þátttöku. Þekkingin á þessum þætti er aðeins að litlu leyti innan skólans og því hefur þurft að leita út fyrir skólann í skipan mikilvægra ráða við skólann. Alls eru sjö doktorar sem þegið hafa skipunarbréf frá Kvikmyndaskóla Íslands til setu í fagráðum skólans.

Sú ákvörðun var tekin strax í upphafi háskólayfirfærslu að leita út fyrir listaheiminn í vali á fulltrúum í ráð á vegum skólans. Ástæðan er sú að Kvikmyndaskólinn vildi leita ráða hjá fjölbreytilegri flóru ólíkra fræðimanna til að læra eitthvað nýtt af. Valið var þó ekki alveg frjálst. Sú ákvörðun var t.d. tekin að heimspeki, sem á sér langa sögu, yrði að eiga fulltrúa í ráðum skólans. Kvikmyndagerð er einungis 100 ára gömul listgrein og kvikmyndaskólar aðeins 70 ára gömul fyrirbæri á heimsvísu.

Af sjö doktorum eru tveir doktorar í heimspeki, einn í sagnfræði, einn í sálfræði, einn í mannfræði, einn í stjórnsýslu og einn í kvikmyndafræði. Áttundi doktorinn er aðstoðarrektur skólans, sem er doktor í hjúkrunarfræði. Akadémía Kvikmyndaskólans sækir þannig tengingu inn í hugvísindasviðið (4), kennsluvísindasviðið (1), félagsvísindasviðið (1) viðskiptasviðið (1) og heilbrigðisvísindasviðið (1). Það verða að teljast verðmæti fólgin í því fyrir hina ungu akademíu Kvikmyndaskólans að geta sótt þekkingu inn á öll þessi vísindasvið.

Í 09. fskj. er yfirlit yfir doktorsmenntaða aðila í trúnaðar- og stjórnunarstörfum KVÍ.

Virkti akademíunnar er fyrst og fremst fólgin í þeim starfsmönnum, aðjúntum, lektorum, dósentum og prófessorum sem við skólann starfa og stunda þar rannsóknir. Grunnurinn að starfsfólki í þessar stöður koma frá reynslumiklum kennurum og fagstjórum við skólann. Fyrstu fjórir starfsmennirnir með nafnbætur munu hefja störf í janúar 2021 og eru umsóknir í þær stöður nú í vinnslu hjá dómnefnd skólans um akademískt hæfi. Umsækjendur eru Hilmar Oddsson í leikstjórn, Þórey Sigþórsdóttir í rödd, Rúnar Guðbrandsson í leiklist og Kjartan Kjartansson í hljóði. Þau, sem hafa möguleika á að sækja um framgang úr fagstjórastöðum fyrir haustið 2021, eru Hlín Jóhannesdóttir í framleiðslu, Kolbrún Anna Björnsdóttir í hreyfingu, Otto Geir Borg í handriti og Tómas Örn Tómasson í kvikmyndatöku.

Hægt verður að sækja um akademískan framgang innan Kvikmyndaskólans 1. mars ár hvert. Miðað er við að árið 2023 verði starfsmenn með nafnbætur orðnir 16 í 320 nemenda skóla, sem er 5%. Akademískir starfsmenn eru þó fleiri, þar sem stundakennarar sjá um meginþorra kennslu. Miðað er við að hlutfall á milli nemenda og kennara sé ekki yfir einn á móti 12. Til viðmiðunar þá er hlutfall Listaháskóla Íslands 49 akademískir starfsmenn með nafnbætur á ca 500 nemendur eða 9,9%.

Viðmið: Að hlutföll standist almenn viðmið í háskólastarfi. Að akademía sýni merki um möguleika til árangurs.
Kvikmyndaskólinn er sambærilegur alþjóðlegum tölum um hlutfall kennara á nemendur (1/11)
Kvikmyndaskólinn er lægri í hlutfalli akademískra starfsmanna en LHÍ.

Niðurstöður:

Kennara- og leiðbeinendahópur skólans er bæði fjölbreyttur og vel menntaður. Vel hefur tekist við skipan í fagráð skólans. Einstök lukka skólans er að fremsta fagfólkið á sviði kennslu í kvikmyndagerð og leiklist, skuli sækjast eftir nafnbótum við Kvikmyndaskólann. Samanlagt er þessi hópur hæfnismikill. Byggð hefur verið sterk akademísk umgjörð um skólann með hinum margtengdu fagráðum. Mikil metnaður er í væntanlegu rannsóknarstarfi. Skólinn hefur alla burði til að virkja mikla krafta í þágu þekkingaröflunar í kvikmyndagerð og leiklist.

4.5 Greining á rekstrargrunni

Matsteymi: Bjarki og Anna

Matsspurning: *Hvert er rekstraröryggi skólans út frá fyrirliggjandi upplýsingum?*

Kvikmyndaskóli Íslands er 28 ára gamalt vörumerki, stofnaður árið 1992. Samfella (e: „consistens“) hefur verið í inntöku og útskriftum, tvisvar á ári frá 1997 eða í 23 ár. Kennitala skólans er 17 ára, frá fyrstu viðurkenningu stjórnvalda á skól- anum árið 2003. Eiginfjárstaðan er jákvæð og skuldir ekki íþyngjandi. Reyndir skólarekstraraðilar bera ábyrgð á og stýra rekstri skólans. Viðskiptavinahópurinn virðist stöðugur og tryggur. Atvinnugreinin er í miklum vexti.

Upplýsingar um innri rekstur sýna að nýr langtímasamningur við stjórnvöld og leiðréttar fjárveitingar hafa snúið við þungum rekstri skólans allt frá 2007. Þá fjórfaldaðist skólinn að nemendafjölda við viðurkenningu þriggja nýrra brauta án þess að fjárveiting fylgdi með. Nýr samningur við stjórnvöld frá 2020 til 2025 með réttri fjárveitingu frá 1. janúar síðastliðnum hefur komið festu í reksturinn. Nýr ársreikningur sýnir umsnúning í rekstri.

Nemendafjöldi skólans hefur vaxið hratt síðustu þrjár inntökur í skólann verða um 120 nemendur í íslenskri deild nú í janúar 2021. Kjörstærð er 140 til 160 nemendur í íslenskri deild og markmiðið er að alþjóðleg deild verði jafn stór, þó varfærnar áætlanir skólans geri ráð fyrir færri erlendum nemendum eða um 12.

Skólinn er að auka tekjur sínar í formi skólagjalda. Skólinn er jafnframt að færa starfsemina á háskólastig, með fjárhagslegum kvöðum um akademíu og rannsóknarstarf. Auknar tekjur fara fyrst og fremst í auknar launagreiðslur. Grunnreglan er sú að 6% af heildartekjum skólans fari til launa- eða kostnaðargreiðslna vegna rannsóknarstarfs.

Viðmið: Að rekstraröryggi sé ásættanlegt.

Almenn niðurstaða stjórnarformanns skólans er að rekstrarstaða og rekstraröryggi sé ásættanlegt og hafi ekki verið betra um margra ára skeið.

Niðurstöður:

Til að fá ytra álit var Anna Þórhallsdóttir viðskiptafræðingur og MA í stefnumótun og stjórnslu, fengin til að koma með álit á rekstrarhæfi skólans. Hún tengist skólanum ekki en sendi inn umsókn, án auglýsingar, um að starfa á fjármálasviði skólans og var ráðin í þetta verkefni í kjölfarið. Sjá 10. fskj. Ferilskrá AP. Álitið er fyrst og fremst byggt á fyrirliggjandi gögnum og viðtölum við endurskoðanda og bókhaldara. Stuðst er við aðferðarfræði áreiðanleikakannana (Due diligence) auk þess að lagt er mat á hefðbundna fjárhagslega þætti sbr. ársreikninga.

Í niðurstöðum Önnu kemur fram að allir þessir þættir eru metnir jákvæðir eða hagfelldir KVÍ og styður því við það álit að rekstrarhæfi KVÍ sé gott og hafi góða möguleika á að haldast gott og styrkjast á næstu árum.

Helsta óvissa varðandi reksturinn á næstu árum snýr að því hvernig eða hve hratt gengur að stækka skólann upp í hagkvæmari rekstrareiningu eins og stefnt er að og hvernig brugðist verður við ef bakslag verður á þeirri vegferð. Til að bregðast við þessari óvissu hafa stjórnendur KVÍ skilgreint áætlun um að laga útgjöld að tekjum þegar niðurstaða úr innskráningum fyrir hvert misseri liggur fyrir, yfirfara útgjöld mánaðarlega og bregðast strax við ef frávik verða.

Með fyrirsjáanlegar tekjur fyrir hvert nýbyrjað misseri, sterkari tekjugrundvöll með nýgerðum þjónustusamningi við ríkið, góða fjárhagsstöðu, trúverðuga áætlun um aðlögun útgjalda að tekjum hvers misseris og reynslumikla stjórnendur er metið sem svo að KVÍ sé í góðri stöðu til að halda góðu rekstrarhæfi á næstu misserum og árum.

Sjá nánar 11. fskj. Álit á rekstrarhæfi.

4.6 Greining á rannsóknum og umgjörð

Matsteymi: Bjarki og Sigurjón Baldur

Matsspurning: *Hversu líklegt er rannsóknarkerfi skólans til að ná árangri?*

Með þeirri ákvörðun að færa Kvikmyndaskólann upp á háskólastig þá færðist sú skylda á skólann að stofna akademíu og stunda rannsóknir. Þetta hefur verið útfært af miklum metnaði og krafti og ætlunin að nýta sér þá krafta sem búa í háskólasamfélaginu til þess að gera Kvikmyndaskóla Íslands að enn öflugri skólastofnun.

Kvikmyndaskólinn nýtur góðs af því að á þeim 28 árum sem hann hefur verið til, þá hefur verið mikil þróun á listaháskólastiginu á heimsvísu, ekki hvað síst í Skandinavíu. Hér á Íslandi var svo settur á stofn Listaháskóli um aldamótin. Ýmislegt hefur mátt læra af þessu og í skipulagi rannsóknarstarfs KVÍ er reynt að bæta kerfin, m.a. með því að gera strangari kröfur en tíðkast hefur. Eftirfarandi atriði má nefna sem Kvikmyndaskólinn hyggst setja upp í skipulagi sínu svo árangur náist:

- a. Í reglum um mat á hæfi akademískra starfsmanna KVÍ eru lágmarksstig fyrir rannsóknir nánast þau sömu og fyrir listferil þegar prófessorshæfi er metið. Þannig eru gerðar skýrar kröfur til prófessora skólans um að þeir séu virkir

í faglegri umræðu og tilbúnir til fræðistarfa. Með þessum hætti er tryggt að þeir akademísku starfsmenn sem ráðnir eru til fræðistarfa hafi til þess hæfni.

- b. Ströng skilyrði eru fyrir því að fá listaverk metin sem rannsókn. Almennt er sú regla skýr að rannsókn er rannsókn sem lýtur vísindalegri aðferðafræði og listsköpun er listsköpun og lítur listagyðjunni. Skörun þarna á milli getur orðið fyrir tilviljun en í uppleggi eru skýr skil á milli. Með þessu eru klárar kröfur til akademískra starfsmanna um að þeir stundi rannsóknir ráði þeir sig til starfa. Þeir gera sér grein fyrir að í rannsóknunum eru önnur viðmið og annar vettvangur en í listsköpuninni.
- c. Skólinn sem listaháskóli þarf að sækja ráðgjöf, kennslu og stuðning frá öllum mögulegum vísindaakademíum (sjá 4.4 greining akademíu). Á sama tíma þarf skólinn og vísindamenn hans að vinna að rannsóknum sínum út frá eigin þekkingu, reynslu og hæfni.
- d. Skýr fjármögnun þarf að vera á rannsóknarstarfi og bein úthlutun fjármuna til rannsóknaraðila skal fara eftir gagnsæjum reglum.

- ✓ Undirbúningur og framkvæmd þessarar stefnu hefur verið í nokkrum verkliðum sem skarast margvíslega.
- ✓ Mótuð stefna fyrir háskólann og rekstrarhæfi skólans tryggt til framtíðar.
- ✓ Unnar dómnefndarreglur vegna ráðninga í samræmi við stefnu um rannsóknarstarf. Ráðin dómnefnd til að meta akademískt hæfi, fjórir doktora og sérfræðingar. Sjá 02. fskj. um meðlimi dómnefndar.
- ✓ Stilltir saman strengir um uppbyggingu akademíu og markmið. Ásamt samhæfingu á mati á væntanlegum rannsóknaraðilum.
- ✓ Undirbúa starfsfólk undir rannsóknarskyldur háskólavinnu. Vekja áhuga á rannsóknarvinnu og fræðastörfum með umræðum og fyrirmyndum.
- ✓ Stofna rannsóknarráð og ráða þrjá utanaðkomandi doktora til starfa. Setja regluverk og samhæfa vinnubrögð og markmið.
Sjá 02. fskj. um meðlimi rannsóknarráðs og 12. fskj. um reglur rannsóknarráðs.
- ✓ Lagðar hafa verið fram tillögur að rannsóknarefnum hjá fyrstu fjórum rannsóknaraðilunum. Sjá 13. fskj. um tillögur að rannsóknarefnum.
Rannsóknarráð hefur þegar hafið störf og vinna við rannsóknir mun hefjast í janúar 2021.

Með því að móta skýrar starfsreglur, leiða saman stóran fjölbreyttan hóp mjög hæfileikaríks háskólafólks, skapa sameiginlega sýn um mikilvægi þess að stunda rannsóknir í kvikmyndagerð og leiklist, þá ætlar skólinn að tryggja árangur í rannsóknarstarfi sínu.

Viðmið: Bestu rannsóknarskólar akademíunnar

Vísindamenn Kvikmyndaskóla Íslands hafa reynslu af því að starfa eftir alþjóðlegum viðmiðum og því eru bestu skólarnir notaðir sem fyrirmyndir. Gæði rannsóknarstarfs er metið eins og skólastarf, þ.e. stöðug gæði yfir ákveðið tímabil. Gefa verður hinni nýju akademíu og rannsóknarstofu a.m.k. fimm ár áður en hægt verður að meta árangurinn. Metnaður er fyrir hendi og árangur verður mældur reglulega.

Niðurstöður:

Kvikmyndaskólinn hefur komið skipulagi á rannsóknarstarfið og er tilbúinn að hefjast handa.

4.7 Greining á praktískum atriðum yfirfærslu á háskólastig

Matsteymi: Bjarki, Katrín Dóra og Sigrún

Matsspurningar: Er öllum þáttum fullnægt svo yfirfærsla á háskólastig geti gengið snurðulaust?

Viðmið: Fyrrum yfirfærslur á háskólastig. Starfsemi háskóla á Íslandi í dag.

Til að kanna það eru valin fimm skapalón:

- Lög og reglur.
- ESG_15 viðmið.
- Gæðakerfi KVÍ.
- Gátlisti stjórnenda KVÍ.
- Samanburður við aðra íslenska háskóla. Þá eru kynntar
- reglur um hvernig mat á áður útskrifuðum nemendum mun fara fram. Niðurstöðurnar eru settar fram í töflum, matsspurningar í fyrri dálki og viðmið/niðurstöður í þeim seinni.

| | |
|---|---|
| A. Lög og reglur: Í lögum um háskóla nr 63/2006, reglum um viðurkenningar háskóla nr 1067/2006 og reglum nr. 1368/2018 um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum, eru talin upp sömu atriðin til skoðunar vegna starfsemi, stofnunar og gæðamats háskóla. Þessi atriði eru eftirfarandi: | |
| Hlutverk og markmið háskóla | Um þau er fjallað í 1. grein í starfsreglum KVÍ (Reglur og stefnur 2020-2021) |
| Stjórnskipun og skipulag | Um það er fjallað í starfsreglum skólans (R) í greinum 2.0 til 2.10. Einnig í sérreglum vegna ráðninga og rannsóknarráðs. Jafnframt er vísað í gæðastefnu og siðareglur við þennan lið. |
| Fyrirkomulag kennslu og rannsókna | Starfsreglur 3.1. – 3.12. og um kennara og rannsóknir liður 2.7. og 2.9. Um kennslu og rannsóknir er einnig fjallað í köflum 4.2., 4.4. og 4.6. í innra matinu. |
| Hæfisskilyrði starfsmanna | Reglur og stefnur. Hér vísast fyrst og fremst í reglur til að meta hæfi akademískra starfsmanna. Einnig í kafla 4.2 og 4.4 í innra matinu (I). |
| Reglur um inntökuskilyrði og um réttindi og skyldur nemenda | Starfsreglur lið ir 2.10 um úrskurðarnefnd í réttindamálum nemenda og 3.3 um inntöku. Kafli 4 um almenna starfsemi. Að öðru leyti vísast í fjölda reglna um réttindi og skyldur nemenda í starfsreglum. |
| Aðstaða og umgjörð kennara og nemenda og þjónusta við þá | Reglur og stefnur, 2.75 um námsráðgjafa, 3.12. í móttökuáætlun), 4.6. um áætlun gegn einelti), 4.7. í reglum áfallaáætlun og 4.13 um húsnæðið. Siðareglur. |
| Innra gæðakerfi | Gæðastefna. Hér vísast í framlagða gæðastefnu og gæðahandbók, sjá hér drög gæðahandbók . |
| Lýsing á inntaki náms | Hér vísast í kennsluskra (Kennsluskra KVÍ 2020 – 2021) sem mjög nákvæma lýsingu á inntaki náms. Að öðru leyti vísast í vefsvæði og söluefni skólans. |
| Fjárhagur skóla | Hér vísast í kafla 4.5 í innra mati og fylgiskjöl með þeim kafla. |
| Skipulag rannsókna – umgjörð rannsóknastarfs | Starfsreglur liður 2.9 fjalla um umgjörð rannsóknastarfsins. Sjá 12. fskj. Reglur um rannsóknarráð. |
| Samantekt upplýsinga sem liggja til grundvallar innra og ytra gæðamati | Hér vísast í öll gögnin, kennsluskra, reglur og stefnur og innra mat og greiningar. En einnig vísast í vinnsluskjöl þar sem þau eru hluti af ferli. |

| | |
|---|--|
| B Gæðakerfi: Standards and Guidelines for Quality Assurance in the European Higher Education Area (ESG). (2015). Brussels, Belgium, eru þau viðmið sem gæðakerfi Kvikmyndaskóla Íslands byggir á. Handbók Gæðaráðs íslenskra háskóla vísar til sömu viðmiða: | |
| ESG Standard 1.1: Policy for Quality Assurance | Hér er vísað í gæðastefnuna, gæðahandbókina og almenna starfsemi. |
| ESG Standard 1.2: Design and Approval of Programmes | Hér vísam við í kennsluskrá og hæfniviðmið. Þróun kennsluskrár. Mælingar á niðurstöðum. |
| ESG Standard 1.3: Student-Centered Learning, Teaching and Assessment | Hér er vísað í siðareglur, kennsluskrá með kennslulýsingum. Umgjörð lokaverkefna og kennslukannana. |
| ESG Standard 1.4: Student Admission, Progression, Recognition and Certification | Vísað í inntökureglur í reglum skólans. Ferlaeftirlit nemenda og stöðupróf. Ferlalyfingar og gögn í tengslum við útskrift. |
| ESG Standard 1.5: Teaching Staff | Vísað í gæðareglur, reglur og kafla 4.2 í innra mati um menntunarstig nemenda |
| ESG Standard 1.6: Learning Resources and Student Support | Vísað í reglur um stuðningsþjónustu við nemendur. Vísað í kennsluskipulag. |
| ESG Standard 1.7: Information Management | Vísað í nemendaskráningu og upplýsingasöfnun. Vísað í árangursmælingar útskrifaðra. Sjá innra mat 4.3. |
| ESG Standard 1.8: Public Information | Vísað í miðlastarf KVÍ/IFS. Vísað í útgáfur á skýrslum. |
| ESG Standard 1.9: On-going Monitoring and Periodic Review of Programmes | Vísað í uppfærslukerfi námskrár. |
| ESG Standard 1.10: Cyclical External Quality Assurance | Vísað í að KVI/IFS miðar við að vera alltaf tilbúinn í ytri úttektir. |

| | |
|--|--|
| C. Uppfylling markmiða gæðakerfis: Kvikmyndaskóla Íslands eins og þær birtast í reglum skólans 2020-2021, gr. 3.8. Markmið gæðakerfis Kvikmyndaskóla Íslands er samstillt við markmið stjórnvalda um gæðaeftirlit með háskólum landsins, eins og þau birtast í 2. gr. reglna um gæðaeftirlit í háskólum nr. 1368/2018 | |
| Markmið eftirlits með gæðum kennslu og rannsókna í KVÍ/IFS er að: | |
| Tryggja að skilyrði fyrir viðurkenningu háskóla séu uppfyllt | Vísað í gæðastefnu og gæðahandbók. |
| Tryggja að viðmið um æðri menntun og prófgráður séu uppfyllt | Vísað í hæfniviðmið kennsluskrár, í reglur og staðfestingar á inntökuskilyrðum nemenda, menntunarskilyrði kennara, þyngdarstig námskeiða. Gæðahandbók. |
| Bæta kennslu og rannsóknir á markvissan hátt | Vísað í reglur um árlega uppfærslu kennsluskrár. Sérreglur um rannsóknir. Vísað í gæðastefnu og gæðahandbók. |
| Stuðla að aukinni ábyrgð KVÍ/IFS á eigin starfi | Vísað í gæðastefnu og virk gæðakerfi. |
| Tryggja samkeppnishæfni háskólans á alþjóðavettvangi | Vísað í árlegar árangursmælingar innan Cilect. Vísað í erlenda námsferla nemenda. |

| | |
|---|--|
| D. Gátlisti: Kvikmyndaskóla Íslands. Sjálfstætt eigið mat stjórnenda skólans á því hversu tilbúinn Kvikmyndaskóli Íslands er að hefja háskólastarfsemi í janúar. | |
| Hversu tilbúnir eru nemendur fyrir væntanlega yfirfærslu? Hefur verið skipulagt innleiðingaferli? | <p>Markmið Kvikmyndaskólans til að hljóta formlega háskólaviðurkenningu á námið er þekkt. Nemendur, sem hefja nám á háskólastigi, eru annað hvort nemendur við skólann eða með metið sambærilegt nám. Eitt nýtt námskeið, „heimspekileg forspjallsvísindi“, bætist við nám allra nemenda skólans frá næsta vormisseri, en að öðru leyti er kennsluskrá óbreytt. Ekki er því metin þörf á sérstökum undirbúningi vegna náms eða inntöku, þar sem kennsla og kennsluskrá verður áþekkt.</p> <p>Meginniðurstaðan er að að nemendur séu að grunni til tilbúnir og að yfirfærslan af 4. þrepi yfir á 5. þrep muni ganga mjúklega fyrir sig. Ekki er ástæða til að setja sérstaka innleiðingu í gang en kynna þarf stöðuna eftir því sem fram vindur. Kynnt hefur verið fyrir nemendum að skólinn sé í umsóknarferli vegna yfirfærslu á háskólastig og biðja nemendur eftir að það gangi í gegn.</p> |
| Hversu tilbúnir eru leiðbeinendur og kennarar? Hefur innleiðing verið skipulögð? | Leiðbeinendur og kennarar þekkja til yfirfærslunnar. Þeim hefur verið kynntar auknar kröfur Kvikmyndaskólans nú í haust. Kallað var eftir náms- og starfsferilsskrá og myndum af prófskírteinum frá þeim öllum. Ráðið verður í fagstjórstöðum sem ekki hafa verið mannaðar kennurum með háskólapróf, er sú vinna í ferli. Ferlið hefur gengið vel og allir í viðbragðsstöðu. Fyrir vormisseri í janúar er stefnt að sameiginlegum fyrirlestri og fundi um akademískt samfélag. Heimspekideildin við HÍ mun sjá um dagskrá og fundarstjórn. |
| Hveru tilbúnir eru starfsmenn skólans? | Allar starfslýsingar eru uppfærðar. Allir starfsmenn hafa nýja ráðningarsamninga sem er afkrstur ráðningarferils með viðtölum og samstillingu. Ný 100% staða aðstoðarrektors hefur komið festu á daglega stjórnun. |
| Hversu tilbúnir eru akademískir starfsmenn með nafnbætur? | Fjórir eru í umsóknarferli og hafa lagt á sig mikla vinnu til að sækja um stöðurnar. Þeir hafa jafnframt brugðist hratt við tillögum um rannsóknarferni. |
| Hversu tilbúnir eru stjórnendur og stjórn-sýsla skólans? | Stjórnendur og stjórn-sýsla er tilbúin. Ferlar eru að slípast. Stjórnin hefur fylgt sömu stefnu í langan tíma. Aðrir stjórnendur stýra daglegu starfi og hraðri stækkun á skólanum. Skólahald haustsins hefur gengið vel við krefjandi aðstæður, undir styrki stjórn rektors, nýráðins aðstoðarrektors og starfsfólks. |
| Hversu tilbúið er húsnæði skólans og tækjakostur? | Skólinn er á fyrsta ári 20 ára leigusamnings í góðu og vel staðsettu háskólahúsnæði. Húsnæðið hefur staðist úttektir. Tækjakostur fer batnandi og sterk tengsl við tækjaleigur tryggja stöðug, fagleg gæði. Þessi þáttur verður í lagi þótt stöðugar umbætur verði viðvarandi. |
| Hversu tilbúið er um-sýslu- og skráningar-kerfi skólans? | Grunnstoðir skráninga, frá umsóknum til útskriftarskírteina, eru traustar. Ný námskeiðsnúmer kalla á handavinnu og uppfærslur. Fyrirhugað er að taka í notkun Canvas skráningarkerfið. Úrvinnslu og eftirfylgni er stöðugt verið að bæta. Yfirfærslan og fjölgun nemenda skapar aukið álag en skrifstofa skólans er tilbúin að fást við það. |
| Hversu tilbúin eru gæðakerfin, frá kennslukönnunum til háskólaráðsfunda? | Yfirfærslan reynir verulega á og verið er að setja upp ný gæðakerfi. Með háskólaeignum varð til gæðaráð sem hefur verið skipað og tekið er til starfa. Undirbúningur er hafinn fyrir viðamiklar úttektir vegna yfirfærslunnar. En kerfin eru til og gæðahandbók í vinnslu. |
| Hversu tilbúin eru ráðningar og dómnefndarferli skólans? | Þau eru í þróun. Dómnefnd mun skila af sér niðurstöðum vegna fyrstu fjögurra umsókna um nafnbætur í byrjun janúar. Stefnt er að 16 nafnbótum til viðbótar á næstu tveimur árum. Skólinn nýtur góðs af störfum hæfrar dómnefndar. Hér er allt tilbúið. |
| Hversu tilbúið er rannsóknarráðið og rannsóknarstofan? | Formlegar reglur hafa verið settar um rannsóknaráð og fjórir doktorar hafa verið skipaðir í ráðið. Gengið hefur verið frá ráðningum fyrstu akademísku starfsmanna sem hefja störf í janúar 2021. Ráðsmenn og starfsmenn munu móta framvindureglur en miðað er við að starfsmenn gefi út greinargerð eða niðurstöður úr rannsóknarstarfi sínu í 2. árg. Tímarits Kvikmyndaskóla Íslands sem kemur út 1. des. 2021. Húsnæðið fyrir rannsóknarstofuna verður ekki afhent fyrr en 1. sept. 2021 en fram að því fer fram hönnunarvinna sem öll akademían kemur að. Þess má geta að fyrstu hugmyndir starfsmanna um rannsóknarefni liggja fyrir, sjá 13. fskj. Hér er allt tilbúið. |

| | |
|--|--|
| Hversu tilbúin er útgáfu- og miðlunarstarfsemin? | <p>Ákveðið er að koma á árlegu tímariti Kvikmyndaskóla Íslands. Meginmarkmiðið er að birta niðurstöður úr rannsóknarstarfi skólans ásamt því að fjalla um kennslu og árangur í framleiðslu. Tímaritið kemur út á íslensku og ensku og verður í framtíðinni opið fyrir utanaðkomandi greinum. Útgáfudagur tímaritsins er 1. desember. Fyrsta útgáfan er í desember 2020 og er fyrst og fremst ætlunin að kynna hinn nýja háskóla.</p> <p>IFS news á Twitter https://twitter.com/IFS_news birtir sex sinnum á sólarhring fréttir úr kvikmyndaheiminum frá einhverju landi í heiminum. IFS news er ein mikilvægasta yfirlýsing The Icelandic Film School að markmið skólans er að þjóna öllum heiminum í sínu starfi. Markmið miðilsins er einnig kennslufræðilegt, þ.e. að kynna nemendum að kvikmyndaíðnaðurinn í heiminum hefur dýpt og breidd. Fylgjendur eru 9.400 talsins. Sjá 14. fskj.</p> <p>Instagram https://www.instagram.com/icelandic_film_school/ skólans birtir fréttir úr skólastarfi, ýmsan vísadóm og fréttir af kvikmyndahátíðum. Hann er eftirsóttur miðill af nemendum og þar fá þeir tækifæri til að máta sig við myndirnar af frægustu stjórnunum. Fylgjendur eru 9500 talsins..</p> <p>Facebook íslensk https://www.facebook.com/kvikmyndaskoli/ fylgjendur 7200 og ensk https://www.facebook.com/icelandicfilmschool/ fylgjendur 4.300. Hlutverk þeirra er að safna saman og dreifa öllum fréttum af íslenskum kvikmyndaíðnaði, bæði á íslensku og ensku. FB dreifir einnig fréttum af skólalaldi og gegnir mikilvægu hlutverki við útskriftir.</p> <p>Framundan er margvísleg þróun í miðlunarstarfinu. Kerfi skólans eru a.m.k. tilbúin að starfa innan háskóla.</p> |
| Hversu tilbúinn er Kvikmyndaskóli Íslands til að verða öflugt háskólasamfélag? | Kvikmyndaskólinn ætlar sér að koma sterkur inn, keppa um góða nemendur og athygli. Þetta gerist ekki nema á grunni áreiðanlegra gæða. Það er hátt í 100 manna hópur sem kemur að þessari háskólayfirlærslu. Fagfólk og doktorar, stjórnendur og starfsfólk, leiðbeinendur, kennarar, nemendur og fulltrúar fagfélaganna. Þetta er suðupottur sem líklegur er til töluverðra afreka fái hann hljómgrunn. |

E. Samanburður við aðra íslenska háskóla

Viðmiðin við matsspurningu eru starfsemi annarra íslenskra háskóla og tilurð þeirra enda hefur Kvikmyndaskóli Íslands óskað eftir inngöngu í samfélag íslenskra háskóla. Því þarf hann að uppfylla sambærilegar kröfur um starfsemi æðri menntastofnunar hvað varðar lög, reglur, gæðamat, rannsóknir og akademíska rödd í samfélaginu og þeir sjö háskólar sem þegar eru starfræktir.

Fyrir KVÍ er eðlilegt að bera sig saman við fjóra minni skólana, enda fellur starfsemin fremur að þeirra hópi. Upplýsinga var aflað úr ársskýrslum skólanna fyrir árið 2019 af heimasíðum þeirra.

| Skólar | Fj. nem. | Grunnnám | Gráður | Kennarar | Nafnbætur |
|--------|----------|----------|--------------------------------|----------|-----------|
| HB | 700 | 60% | 3*BA, 9*BS, 4*Dip, 9*MA/S. | 125 | 30 |
| LBHÍ | 200 | 75% | 7*starfsme., 5*BS, 6*MS, 5*PhD | ? | 39 |
| LHÍ | 500 | 70% | 2*Dip, 15*BA, 8*MA | 90 | 51 |
| HH | 200 | 90% | 3*Dip, 1*BA, 3*MA | 44 | ? |
| KVÍ* | 320 | 100% | 4*Dip | 100 | 16 |

*eins og gert er ráð fyrir að skólinn verði á vorönn 2024

Þarna sést að KVÍ er frábrugðinn hvað varðar sérhæfingu í námsframboði. KVÍ er einnig með lægra hlutfall akademískra starfsmanna en hinir skólarnir. Að öðru leyti þá fellur starfsemin mjög vel að hinum háskólunum hvað grunnform og skólalald varðar.

Niðurstaða af greiningu er að KVÍ, starfsemi og nemendur, ættu að falla vel í þennan hóp.

F. Reglur um mat á áður útskrifuðum nemendum

Mat á áður útskrifuðum nemendum Kvikmyndaskóla Íslands á tímabilinu.

Sjá 15. fskj. Reglur um mat á fyrra námi.

Viðmið: Fyrrum yfirfærslur á háskólastig. Starfsemi háskóla á Íslandi í dag.

Hér að framan hefur ekki verið farið sérstaklega yfir fyrirmyndir að tilurð annarra íslenskra háskóla. Þær eiga ýmislegt sameiginlegt, t.d. eru sex af sjö íslensku háskólunum stofnaðir á grunni skóla á lægra skólastigi. Vinnuferlarnir eru þekktir en þó ekki til neitt skapalón önnur en gildandi lög og reglugerðir.

Benda má á að þegar Leiklistarskóli Íslands fór á háskólastig og rann inn í LHÍ um síðustu aldamót, þá hélt kennsla áfram óbreytt eftir kennsluskrá og stundaskrá, þótt skólinn væri orðinn háskóli. Þetta er sú umbreyting sem KVÍ stefnir að í daglegri starfsemi sinni. Að fara sér hægt og breyta hægt og rólega því sem þarf að breyta. Þannig munu nemendur og starfsfólk finna háskólasamfélagið taka yfir.

Matsspurning kafla 4.8 er: Er öllum þáttum í starfsemi Kvikmyndaskóla Íslands fullnægt svo yfirfærsla á háskólastig geti gengið snurðulaust?

Hér að framan hefur starfsemin og framlögð gögn um hana verið skoðuð frá sjónarhorni laga og gæðaviðmiða. Markmiðið hefur verið að kanna stöðu skólans til að veita svör til ráðherra og væntanlegra úttektaðila til að hefja störf sem háskóli í janúar með móttöku sérfræðingahóps næsta vor. Niðurstaðan er að skólinn er vel búinn undir að starfa sem háskóli og að taka við hvers kyns úttektum.

Niðurstaða

Starfsemi háskóla á Íslandi í dag leiddi af sér áhugaverða greiningu á fjórum minnstu háskólunum í dag. Ekki voru nein viðmið sem skólinn telur sig ekki geta staðist og KVÍ fellur mjög vel að því samfélagi sem er til staðar.

Niðurstaðan er að KVÍ standist viðmið. Háskólayfirfærsla á að geta gengið snurðulaust fyrir sig.

Í 16. fskj. er farið nánar yfir þau atriði sem voru notuð til að greina praktísk atriði við yfirfærslu á háskólastig.

4.8 SVÓT greining

Möt unnin af stjórnarformanni Kvikmyndaskólans frá upphafi, Böðvari Bjarka Péturssyni og rýnd af öðrum stjórnendum skólans.

Styrkleikar

1. Vel hönnuð kennsluskrá, þrautreynt kennslukerfi, samfella í staðfestum árangri útskrifaðra í yfir 20 ár.
2. Stuðningur virtra listkennara sem sækjast eftir störfum og framgangi í skólanum.
3. Skólinn hefur skýrt sérsvið sem hann er sáttur við að starfa á: Tveggja ára grunnnámsbrautir fyrir 19 - 23 ára ungmenni.
4. Eftirsóttur af ungu áhugafólki um kvikmyndaiðnað.

Veikleikar

1. Flutningur í nýtt húsnæði, sem á eftir að standsetja, skapar veikleika gagnvart núverandi nemendum.
2. Skólinn er að greiða hratt niður óhagkvæmar lausaskuldir en á sama tíma er töluverð fjárfestingarþörf.
3. Ný stjórnýsla vegna háskólastigs, í stöðum og ráðum, í flóknu umbreytingaferli
4. Að geta ekki útskrifað nemendur með viðurkennda gráðu á háskólastigi.

Ógnanir

1. Að stjórnýsla haldi áfram að halda KVÍ utan kerfa og viðurkenni ekki námið með réttum hætti.
2. Að ytri áföll, t.d. í efnahagskerfi hafi áhrif á aðsókn og fjárveitingar.
3. Aukin samkeppni, innlend eða erlend.
4. Ófyrirséðir neikvæðir atburðir, tengdir starfsemi skólans og samfélagi hans.
5. Þensla í greininni, gerir mönnun kennara vandasamari (lúxusvandamál).

Tækifæri

1. Stærsta tækifærið er fólgið í þörfinni fyrir skólann, hjá nemendum, fyrirtækjum og hjá þjóðinni.
2. Erlendir nemendur og alþjóðleg deild fela í sér stór tækifæri, bæði fagleg og fjárhagsleg.
3. Hin nýja rannsóknarstefna skólans með virku rannsóknarstarfi veitir óvænt tækifæri.
4. Hin mikla þensla og umbreyting, sem er og verður í skólastarfi á heimsvísu næstu áratugi, fela í sér tækifæri.
5. Myndmiðlaiðnaðurinn springur út og opnar sífellt fleiri tækifæri. Fyrirséð gróska er styrkleiki.

Niðurstaða:

Skólinn er mjög meðvitaður um veikleikana og vinnur markvisst að því að þeir hafi ekki áhrif. Styrkleikarnir eru það sem öll starfsemin er keyrð á. Unnið er baki brotnu að því að standa vörð um og verja skólann gegn ógnunum. Tækifærin eru svo það sem við munum horfa á til framtíðar og nýta okkur.

5.0 EFTIRMÁLI

Lykilupplýsingar úr þessu mati er staðfesting á gæðum sem mæld voru í innra mati 2016 og að árangur útskrifaðra nemenda og gæði kennslu og kennara hafa haldið sér.

Ein niðurstaða matsins er að safna þarf frekari gögnum og upplýsingum. Þegar hefur verið sett í gang matsferill á eftirfarandi verkefnum og eiga niðurstöður að liggja fyrir 1. mars n.k.:

1. Mat á gæðum einkunnargjafar við Kvikmyndaskóla Íslands
2. Mat á skuldbindingu fagstjóra, nemenda og stjórnenda við hæfniviðmið á lokanámskeiðum á sérlínunum
3. Mat á aðgerðum til að koma á samræmdu lokahæfniprófi af sérlínunum.
4. Mat á gæðum allra stoðgreinanámskeiða kennsluskrár (Úttekt og endurskipulag stoðgreina vegna endurskoðunar kennsluskrár 2021)

Það eru sterkar vísbendingar um að skólinn sé að ná góðum árangri í að viðhalda gæðum námsins og jákvæðri námsupplifun nemenda. Engar beinar viðvaranir eru í matinu, en fjölmargar ábendingar eru um hvað megi gera betur. Skólinn mun vinna markvisst að því að meta þessar ábendingar.

Hvað varðar mat á akademíu og rannsóknarstarfi, þá er þar verið að meta forsendur og grunn en ekki beina virkni eins og gefur að skilja. Það verður spennandi að fá niðurstöður þeirrar vinnu og áhugavert að mæla árangurinn á næstu misserum.

Meginniðurstaða innri úttektar er sú að skólinn sé á réttri leið í starfi sínu og verði tilbúinn að hefja kennslu á viðurkenndu háskólastigi í janúar 2021.

6.0 FYLGISKJÖL



- 01 fskj. Yfirlit yfir fyrri kannanir
- 02 fskj. Aðilar í trúnaðar- og stjórnunarstörfum fyrir KVÍ
- 03 fskj. Viðurkenning Menntamálastofnunar á hæfnisstigum námsins
- 04 fskj. Markmið og gildi KVÍ
- 05 fskj. Könnun á þyngdarstigi námskeiða
- 06 fskj. Menntunarstig leiðbeinenda a) og b)
- 07 fskj. Afrekskönnun, spurningar um virkni og árangur eftir útskrift
- 08 fskj. Heildarniðurstöður afrekskönnunar
- 09 fskj. Yfirlit yfir menntun og rannsóknarferil fulltrúa akademíu KVÍ
- 10 fskj. Ferilskrá Önnu Þórhallsd. viðskiptafr. & MA stefnumótun og stjórnsýslu
- 11 fskj. Álit á rekstrarhæfi
- 12 fskj. Reglur rannsóknaráðs
- 13 fskj. Tillögur að rannsóknarefnum
- 14 fskj. Mánaðaryfirlit IFS news
- 15 fskj. Reglur um mat á fyrra námi
- 16 fskj. Praktísk atriði til að greina stöðu við yfirfærslu á háskólastig

